

# Skipulagsskrá

## fyrir Doktorssjóð Styrktarsjóða Háskóla Íslands

### 1. grein

#### Nafn sjóðs og uppruni

Sjóðurinn heitir Doktorssjóður Styrktarsjóða Háskóla Íslands. Sjóðurinn er stofnaður við sameiningu sjóða sem ekki hafa verið virkir um árabil, tengjast ekki ákveðnum fræðasviðum og/eða deildum í Háskóla Íslands og heyra undir Styrktarsjóði Háskóla Íslands ásamt peningagjöfum.

### 2. grein

#### Heimilisfang

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og er í umsjá og vörslu Styrktarsjóða Háskóla Íslands. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

### 3. grein

#### Tilgangur sjóðsins og styrkir

Tilgangur sjóðsins er að styðja við og efla doktorsnám við Háskóla Íslands. Sjóðurinn veitir styrki til að standa straum af kostnaði við rekstur rannsóknaverkefna í doktorsnámi. Stúdentar sem skráðir eru til doktorsnáms við Háskóla Íslands og hafa hlotið framfærslustyrk úr doktorssjóðum háskólans, þ.e. Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, geta sótt um styrk úr sjóðnum.

Vísinda- og nýsköpunarsvið og Miðstöð framhaldsnáms hafa umsjón með sjóðnum og annast úthlutun styrkja í umboði stjórnar hans. Sótt er um styrki í tengslum við umsókn í doktorssjóði Háskóla Íslands. Styrkfjárhæð er háð ávöxtun sjóðsins og er styrkur greiddur út að loknu fyrsta ári í doktorsnámi.

### 4. grein

#### Stofnandi sjóðsins

Sjóðurinn er sameinaður sjóður eftirtalinna sjóða sem stofnaðir voru undir hatti Styrktarsjóða Háskóla Íslands:

Sjóðasafn Háskóla Íslands  
Gjafasjóður Guðmundar J. Andréssonar gullsmiðs  
Gjöf Gunnar Th. Bjargmundssonar  
Framfarasjóður B. H. Bjarnasonar kaupmanns  
Gjöf Soffíu Jónsdóttur Sörensen  
Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur  
Gjafasjóður Guðmundar Thorsteinssonar  
Styrktarsjóður Ragnheiðar Jónsdóttur  
Minningarsjóður Theódórs Johnson

## 5. grein

### Stofnframlag og tekjur sjóðsins

Stofnframlag sjóðsins er eign þeirra sjóða sem nefndir eru í 4. grein og er stofnfé sjóðsins 210 milljónir.

Sjóðurinn tekur við gjöfum og framlögum.

Styrktarsjóðir Háskóla Íslands annast ávöxtun sjóðsins og skal hún vera sem hagkvæmust á hverjum tíma og taka mið af fjárfestingarstefnu Styrktarsjóða Háskóla Íslands, að öðru leyti en getið er um í 1. mgr.

Ef stjórn ákveður að greiða ekki út styrki bætast þeir fjármunir sem lausir voru til styrkveitingar það ár við þá sem lausir eru til ráðstöfunar árið eftir.

## 6. grein

### Stjórn

Rektor Háskóla Íslands skipar þriggja manna stjórn til þriggja ára í senn. Við skipun stjórnar skal taka mið af tilgangi sjóðsins.

Stjórnin kemur saman að minnsta kosti árlega. Stjórnarstörf eru ólaunuð.

Stjórnin skipar sjálf með sér verkum og velur sér formann og ritara.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur.

## 7. grein

### Fundarboðun

Formaður stjórnar skal boða til stjórnarfunda. Hlutverk stjórnar er að halda utan um málefni sjóðsins og kynningu á honum í samstarfi við Styrktarsjóði Háskóla Íslands. Stjórnin tekur ákvörðun um fjárhæð styrkja.

Stjórnin hefur eftirlit með ráðstöfun og meðferð fjármuna og fer yfir ársreikning sjóðsins. Stjórnin setur sér nánari starfsreglur innan ákvæða skipulagsskrár, svo sem um veitingu styrkja.

Starfsreglur sjóðsins skulu endurskoðaðar reglulega og eigi sjaldnar en á 3ja ára fresti. Sjóðsstjórn heldur fundargerðabók og skilar fundargerðum til Styrktarsjóða Háskóla Íslands til varðveislu.

## 8. grein

### Umsýsla og endurskoðun sjóðsins

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur sjóðsins eru endurskoðendur Styrktarsjóða Háskóla Íslands, kjörnir af háskólaráði. Reikningar sjóðsins skulu birtir með sama hætti og aðrir sjóðir í vörslu Háskólans.

## 9. grein

### Um breytingar á skipulagsskránni

Ekki er hægt að leggja sjóðinn niður, eða gera breytingar á tilgangi hans, af öðrum ástæðum en kveðið er á um í lögum og ekki án þess að sjóðsstjórn og rektor Háskóla Íslands séu einhuga um þá ákvörðun. Sé tekin slík ákvörðun skal hún borin undir sýslumanninn á Norðurlandi vestra.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu fjármunir hans renna til málefna er tengjast tilgangi sjóðsins.

## 10. grein

### Sjóðir sem eru lagðir niður og voru með staðfesta skipulagsskrá

Við staðfestingu skipulagsskrár þessarar eru lagðir niður eftirtaldir sjóðir:

Sjóðasafn Háskóla Íslands. Stjt. 221/1975.

Gjafasjóður Guðmundar J. Andréssonar gullsmiðs. Stjt. 245/1969.

Gjöf Gunnars Th. Bjargmundssonar. Stjt. 1101/1935

Háskólasjóður Stúdentafélags Reykjavíkur. Stjt. 764/1982

Gjafasjóður Guðmundar Thorsteinssonar. Stjt. 105/1951

Minningarsjóður Theódórs Johnson. Stjt. 307/1980

Reykjavík, 13. september 2018.

---

Jón Atli Benediktsson,  
rektor Háskóla Íslands

Um starfsemi sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Staðfestingar sýslumanns Norðurlands vestra skal leitað á skipulagsskrá þessari og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.